

**Heiti áfanga: LÍFF 4DL05****Titill:** Líffæra- og lífeðlisfræði. Framhaldsáfangi.

Áfanginn er valáfangi á náttúrufræðibraut.

**Undanfarar:** Nemendur þurfa að hafa lokið LÍFF3CL05 eða taka samhliða.**Stutt lýsing á efni áfangans:**

Efnistöð eru breytileg milli ára og geta nemendur haft áhrif á það sem fjallað er um.

Haustið 2019 er fjallað um taugakerfið, heilann, svefn, lífeðlisfræði meltingar, matarlist og stjórnun fæðuinntöku og ónæmiskerfið.

Lögð er áhersla á vísindalega hugsun og lestur á vísindagreinum kynntur. Einnig komið inn á siðfræði lífvísinda og muninn á vísindum og gervívísindum.

Farið er í eina vettvangsferð í námskeiðinu og gert er ráð fyrir heimsókn vísindamanns í tíma sem segir frá rannsóknum sínum.

Námskeiðið ætti að veita góðan undirbúning fyrir þá sem ætla sér í frekara nám í heilbrigðis- og lífvísindum.

**Nokkur lykilhugtök áfangans:**

Sjá lýsingu á efni áfangans hér fyrir ofan.

**Námsmat:**

Tvö áfangapróf verða á önninni. Nemendur vinna nokkur stutt verkefni og kynna ákveðið viðfangsefni fyrir öðrum nemendum.

Ekkert lokapróf er í námskeiðinu.

---